

Code of Conduct

fyrir Flügger group A/S, dótturfélög og samstarfsaðila

1 Markmið

Starfsfólk Flügger og samstarfsaðilar Flügger (þ.e.a.s. birgjar, undirbirgjar, sérleyfishafar, smásalar, söluaðilar, ráðgjafar og aðrir samstarfsaðilar, hér eftir nefndir „samstarfsaðilar“) skulu hafa í heiðri ströng siðferðisviðmið, bæði hvað varðar fyrirtækið og persónulega, og starfa eftir þessum starfsreglum (hér eftir nefnt „starfsreglur“) við störf sín fyrir Flügger.

2 Gildi og ábyrgðarskipting

2.1 Gildi

Þessar starfsreglur gilda fyrir Flügger-samstæðuna alla, þar með talið allar staðbundnar einingar fyrirtækisins (hér eftir nefnt „Flügger“), sem og alla samstarfsaðila Flügger..

2.2 Ábyrgðarskipting

Þessar siðareglur hafa verið samþykktar af stjórn Flügger group A/S. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins ber höfuðábyrgð á því að reglunum sé framfylgt, en æðstu yfirmenn hvernar einingar fyrir sig eru ábyrgir fyrir því að reglunum sé fylgt með því að tryggja að innihald þeirra sé öllum kunnugt og að allt starfsfólk og samstarfsaðilar skilji inntak þeirra.

3 Inngangur

Reglurnar byggja á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, samþykktum Alþjóðavinnuárástofnunarinnar (ILO) um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki.

Flügger og samstarfsaðilar fyrirtækisins skulu ævinlega fylgja gildandi staðbundnum og alþjóðlegum lögum og reglugerðum, viðeigandi viðaukum, faglegum stöðlum og gerðum samningum. Í þessum starfsreglum er lýst lágmarkskröfum fyrir fullnægjandi starfshætti og Flügger mun ekki samþykkja brot á þeim.

Ef landslög kveða á um ítarlegri kröfur en þessar reglur skal starfsfólk og samstarfsaðilar Flügger hlíta landslögum.

Allir starfsmenn eða einstaklingar sem sinna störfum hjá eða fyrir Flügger eru ábyrgir fyrir því að kynna sér og fylgja öllum viðeigandi innri starfsreglum og viðmiðunarreglum hjá Flügger.

4 Reglur í viðskiptum

Flügger virðir löggjöf um sanngjörn viðskipti og samkeppni, lög um mútugreiðslur og allar gildandi reglur um siðferði í viðskiptum fyrirtækja í þeim löndum þar sem Flügger er með starfsemi og væntir fyrirtækið þess sama af hálfu samstarfsaðila sinna. Sanngjarnar samkeppnisforsendur, mútur og spilling hafa hamlandi áhrif á samkeppni og halda aftur af hagfræðilegri, félagslegri og lýðræðislegri framþróun. Flügger vinnur að því að koma í veg fyrir slík vinnubrögð í þeim löndum þar sem fyrirtækið er með starfsemi.

Þar er einnig vísað til skjalsins „Stefnumið Flügger í baráttunni gegn spillingu og mútum“ (Flügger Anti-Corruption and Bribery Policy), en það skjal er hægt að nálgast á innra neti fyrirtækisins eða fá sent samkvæmt beiðni.

4.1 Sanngjörn samkeppni

Flügger styður sanngjarna og óhefta samkeppni í allri sinni starfsemi. Við nálgumst samkeppni með hætti sem er bæði siðlegur og réttlátur, án þess að eiga aðild að óviðeigandi aðgerðum eða ósanngjörnum viðskiptaaðferðum. Ólögleg verðsamráð, samkeppnishamlandi athafnir eða samningar, eða misnotkun á ríkjandi markaðsstöðu, hvort sem er milli útibúa á hverjum stað eða í samráði við samstarfsaðila, er óheimil, í hvaða formi sem er.

Hvað varðar samkeppnisaðila er starfsfólki og samstarfsaðilum Flügger óheimilt að ræða um eða áframsenda upplýsingar um markaði, verðlag, kostnað og viðskiptaskilmála sem tengjast viðskiptavinum eða birgjum. Komi til staðbundinnar og skyndilegrar rannsóknar af hálfu samkeppnisyfirvalda ber starfsfólki að sýna embættismönnum fulla samvinnu og þeim er ekki heimilt að hindra rannsóknina með neinum hætti.

4.2 Mútur og svikastarfsemi

Starfsfólk og samstarfsaðilar Flügger mega ekki taka þátt í svikastarfsemi af neinu tagi, en svikastarfsemi telst vera vísvitandi afvegaleiðing með persónulegan ávinning í huga.

Innkaupa- og söluaðgerðir skal framkvæma á fagmannlegan og heiðarlegan hátt. Skilmálar er varða afslætti, umboðslaun og bónusa skulu vera sanngjarnir og skriflegir.

Aðeins eru heimilaðar hóflegar gjafir, umbun eða ávinningur (upp að gildandi skattfrjálsri hámarksupphæð á hverjum stað) sem ekki hefur áhrif á starfshætti móttakandans, að því gefnu að afhendingin, loforðið eða boðið eigi sér stað fyrir opnum tjöldum.

Litið er á hvers konar gjafir, umbun og ávinning sem kynnu að hafa áhrif á athafnir viðtakanda, þar með talin dulin umboðslaun eða laumuþóknanir, sem mútur.

Starfsfólki er óheimilt að þiggja, bjóða fram eða gefa gjafir, ávinning, endurgreiðslur eða boð um skemmtun eða afþreyingu sem geta haft áhrif á persónulega dómgreind annars starfsmanns, viðskiptavinar eða samstarfsaðila.

4.3 Óhlutdrægni og hagsmunaárekstrar

Öll viðskiptatengsl Flügger skulu vera óhlutdræg og allar viðskiptatengdar ákvarðanir skulu byggja á hagsmunum fyrirtækisins, án tillits til persónulegra sambanda eða persónulegs ávinnings.

Forðast skal hagsmunaárekstra starfsfólks og fyrirtækis.

Starfsfólki er óheimilt að taka þátt í aðgerðum utan fyrirtækisins sem stríða gegn hagsmunum Flügger. Ef upp koma hagsmunaárekstrar er starfsmanni skylt að láta sinn næsta yfirmann vita samstundis. Flügger sem fyrirtæki er hlutlaust hvað varðar stjórnmalaflokka og einstaka frambjóðendur og hvorki er heimilt að nota nafn Flügger né fjármagn til hagsbóta fyrir stjórnmalaflokka eða frambjóðendur þeirra.

Starfsfólki og samstarfsaðilum er óheimilt að nýta tengsl sín við Flügger með óréttmætum hætti til að þjóna persónulegum hagsmunum. Forðast skal að eiga í viðskiptasambandi við Flügger sem felur í sér persónulega

eða fjölskyldutengda hagsmuni. Einnig skal forðast að eiga í innkaupaviðskiptum við fjölskyldumeðlimi eða nána vini. Teljist slík viðskipti engu að síður réttlæt看leg þarf yfirmaður að samþykkja þau.

Starfsfólki og samstarfsaðilum er óheimilt að láta af hendi trúnaðarupplýsingar um Flügger. Í því samhengi skal einnig vísað til reglna Flügger um viðskipti með hlutabréf í Flügger og aðgang að innherjaupplýsingum, en reglurnar er hægt að nálgast á innra neti fyrirtækisins eða fá þær sendar samkvæmt beiðni.

5 Mannréttindi og starfsaðstæður

Flügger styður og virðir alþjóðasáttmála um mannréttindi og starfsmannalöggjöf í hverju landi fyrir sig. Allir þeir sem starfa fyrir Flügger, með beinum eða óbeinum hætti, skulu njóta þeirra grundvallarréttinda sem getið er um í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Til að tryggja að ekki sé brotið á mannréttindum lætur Flügger fara fram mat á birgjum sínum.

5.1 Virðing fyrir einstaklingnum

Flügger ber virðingu fyrir einstaklingnum og vinnur að því að efla fjölbreytileika og jafnrétti. Engum starfsmanni, viðskiptavini eða samstarfsaðila má mismuna vegna aldurs, uppruna eða vegna þess að hann tilheyrir tilteknum félagshópi eða þjóðflokki, vegna húðlitar, kyns, kynhneigðar, trúar, stjórnmalaskoðana, fötlunar eða af neinni annarri ástæðu. Uppsögn eða mismunun sem tengist meðgöngu eða foreldrahlutverkinu verður ekki liðin.

Líkamlegt, sálrænt, kynferðislegt eða munnlegt einelti gagnvart starfsmanni eða samstarfsaðila verður ekki liðið undir nokkrum kringumstæðum.

Hjá Flügger ríkir meðvitund um mikilvægi jafnvægis á milli vinnu og frítíma og er starfsfólk hvatt til að vinna að slíku jafnvægi.

Flügger virðir rétt einstaklinga til einkalífs. Persónuupplýsingar um starfsfólk eða samstarfsaðila Flügger eru vistaðar í samræmi við gildandi persónugagnalöggjöf á hverjum tíma.

Flügger virðir tjáningarfrelsi einstaklingsins. Því má ekki koma í veg fyrir að starfsfólk og samstarfsaðilar Flügger tjái óánægju sína með starfsaðstæður með málaefnalegum og sanngjörnum hætti; starfsfólk og samstarfsaðilar Flügger eiga að geta tjáð óánægju sína með starfsaðstæður í trúnaði.

5.2 Nauðungarvinna og barnaþrælkun

Flügger heimilar enga starfsemi sem hamlar ferðafrelsi starfsfólksins. Hjá Flügger eru nauðungarvinna, þrælkun eða aðrar gerðir þvingaðrar vinnu ekki liðnar; það sama gildir um vinnustaði samstarfsaðila okkar.

Flügger lætur barnaþrælkun hvorki viðgangast á eigin vinnustöðum né vinnustöðum samstarfsaðila. Við fylgjum gildandi lögum á hverjum stað um lágmarksaldur starfsmanna, en starfsmaður má þó aldrei vera yngri en 15 ára í fullu starfi eða yngri en 13 ára við léttari störf.

5.3 Sanngjörn starfsskilyrði

Starfsskilyrðin skulu fara eftir gildandi landslögum, reglum, faglegum stöðlum og almennum samningum. Hverjum starfsmanni skal afhenda upplýsingar um ráðningarskilmála sína skriflega og upplýst skal um innihald skilmálanna á tungumáli sem starfsmaðurinn skilur.

Flügger virðir rétt starfsfólks síns til að stofna eða vera meðlimur í stéttarfélagi eða fagfélagi að eigin vali og til að gera sameiginlega starfssamninga. Fulltrúar fagfélaga hjá Flügger skulu, í sanngjörnum mæli, fá svigrúm til að vinna að verkefnum sem því starfi tengjast.

5.4 Laun, réttur til fjarvista og vinnutími

Farið skal eftir landslögum og reglum um lágmarkslaun, veikindafjarvistir og fæðingarorlof.

5.5 Starfsumhverfi á vinnustað

Starfsumhverfi skal uppfylla lög, reglur og faglega staðla sem gilda á hverjum stað. Flügger setur öryggi starfsmanna, viðskiptavina og gesta í algeran forgang og vinnur stöðugt að úrbótum á starfsumhverfi í verksmiðjum, á skrifstofum og í verslunum.

Áhættumat fer stöðugt fram og reynt er að girða fyrir allar hugsanlegar slysaáhrif eða aðstæður sem geta verið skaðlegar heilsu og velferð fólks.

6 Umhverfismál

Starfsfólk Flügger og samstarfsaðilar skulu fara að öllum lögum, reglum og stöðlum sem tengjast umhverfisvernd.

Flügger hefur einsett sér að vernda umhverfið og fyrirtækið vinnur að því að draga úr þeim umhverfisáhrifum sem aðgerðir þess, framleiðsla og vinnsluferli hafa. Flügger leitast stöðugt við að finna sjálfbærar aðferðir sem nýta auðlindirnar sparlega og þar er einkum horft til þess að bæta orkunotkun og skilvirkni í samgöngumálum.

Auk þess leitast Flügger við að draga úr loftslagsáhrifum fyrirtækisins með því að fylgja öllum reglum eða samningum sem hafa að markmiði að draga úr hvers kyns losun, gróðurhúsalofttegundum og losun í loft, jörð eða vatn, eða með því að grípa til ráðstafana í því skyni sem ganga lengra en lög kveða á um.

Flügger vinnur markvisst með umhverfisstjórnunarkerfið ISO 14001 gæðastjórnunarkerfið ISO 09001 og sambærileg kerfi.

7 Verkferli fyrir reglufylgni, innleiðingar og eftirfylgni

Öllu starfsfólki og samstarfsaðilum er skylt að fara eftir þessum starfsreglum.

Allir yfirmenn hjá Flügger og samstarfsaðilum bera ábyrgð á því að upplýsa um innihald þessara starfsreglna á skiljanlegan hátt til að tryggja sé að farið sé eftir reglunum á þeirra starfsstöðvum. Starfsfólki sem á samskipti við tengiliði utan fyrirtækisins er skylt að upplýsa umrædda viðskiptatengiliði um þessar starfsreglur. Lagt verður mat á birgja Flügger út frá því hversu vel þeir uppfylla skilyrðin í þessum starfsreglum.

7.1 Tilkynningar um brot á starfsreglum

Starfsfólki og samstarfsaðilum Flügger sem verður kunnugt um ósiðlega eða ólöglega starfshætti er skylt að tilkynna um það til yfirmanns eða tengiliðar hjá Flügger eða í gegnum uppljóstragátt Flügger (sjá hér neðar). Í því tilviki að tengiliður starfsmannsins eða samstarfsaðilans kann að tengjast umræddu atferli, og er því ekki rétti aðilinn til að fara með málið, skal starfsmanninum eða samstarfsaðilanum ráðlagt að tilkynna um málið til yfirmanns eða tengiliðar sem er hærra settur.

Farið er með allar tilkynningar af þessu tagi sem trúnaðarmál og þær munu ekki hafa neikvæðar afleiðingar eða leiða til mismununar, sé tilkynning send inn í góðri trú og í samræmi við markmið þessara starfsreglna.

Sérstakt siðferðisráð fyrirtækisins, undir stjórn framkvæmdastjórans, mun umsvifalaust taka tilkynningar til meðhöndlunar. Einstaklingnum sem tilkynnir um vandamálið skal veita upplýsingar um málalyktir rannsóknarinnar.

Upplýsingar um alvarlega misbresti, lögbrot eða grun um slíkt má veita í gegnum uppljóstraragátt Flügger, í samræmi við uppljóstrarastefnu Flügger. Gáttina, og uppljóstrarastefnu Flügger, er að finna á www.flugger.com.

Tilkynningar geta t.a.m. falið í sér upplýsingar um:

- Efnahagsbrot, þ.m.t. fjárdrátt, mútur, svikastarfsemi, skjalafals, spillingu, reikningasvindl og álíka misferli
- Alvarleg brot á öryggis- og umhverfisreglum vinnustaðarins
- Líkamlegt ofbeldi eða kynferðisbrot

Einnig geta komið upp tilvik eða aðstæður sem ekki lúta tilteknum viðmiðunarreglum. Í slíkum aðstæðum skulu allir sem að málinu koma bregðast við í þeim anda sem einkennir þessar starfsreglur. Hægt er að leita ráða hjá næsta yfirmanni eða tengilið hjá Flügger, en auk þess er fyrirtækisráð Flügger (Flügger Group General Counsel) ævinlega reiðubúið að svara spurningum.

8 Viðurlög

Brot á þessum starfsreglum eða vanræksla á fylgni við þær geta leitt til refsiaðgerða, þ.m.t. uppsagnar starfsmanns eða slita á viðskiptasambandi, ef um samstarfsaðila er að ræða. Slíkar aðgerðir koma ekki í veg fyrir að fyrirtækið geti gripið til lögsóknar.

Útgáfa 1 frá 17. desember 2020